

### **32. Frumvarp**

til laga um Gagnfræðaskóla Reykjavíkur.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Stofna skal skóla í Reykjavík er nefnist Gagnfræðaskóli Reykjavíkur. Hann skal veita almenna fræðslu, bóklega og verklega, bæði konum og körlum.

2. gr.

Tvær ársdeildir skulu vera í skólanum. Með leyfi stjórnarráðsins má bæta við framhaldsnámi hinn þriðja vetur í tilteknum hagnýtum námsgreinum.

3. gr.

Námsgreinar í skólanum skulu vera þessar: Íslenska, norðurlandamál, enska, bókmentafræði, saga, landafræði, náttúrufræði, hagfræði, fjelagsfræði, reikningur, söngur, teikning, íþróttir, steinsmiði, trjesmiði, járnsmiði, netabætting, einfaldur fatasaumur og matreiðsla. Nemendur ákveða í samráði við skólustjóra hverjar námsgreinar þeir fella niður.

4. gr.

Við skóla þennan skipar stjórnin aðeins einn fastan starfsmann, skólustjórnann. Skal hann jafnan njóta sömu launakjara og forstöðumaður Kennaraskólans. Laun hans greiðast úr rikissjóði.

5. gr.

Þriggja manna skólanefnd starfar við Gagnfræðaskóla Reykjavíkur. Bæjarstjórn Reykjavíkur kys með hlutfallskosningu tvo til þriggja ára, og stjórnarráðið skipar hinn þriðja, sem jafnframt er formaður til 5 ára í senn. Skólanefndin starfar endgjaldslaust.

6. gr.

Skólastjóri hefir á hendi daglega stjórn skólans, ræður stundakennara og skiftir verkum með þeim. Skólanefnd semur reglugerð skólans, er stjórnarráðið staðfestir. Skólanefnd skal ennfremur undirbúa byggingu nauðsynlegra húsa fyrir skólann, ráða með skólastjóra bóka og áhaldakaupum og ráðstafa árlega með honum svo sem best má verða nemendum til gagns, kenslugjaldi því, sem skólanum áskotnast frá nemendum.

7. gr.

Fyrir hverja 20 nemendur greiðist í skólasjóð úr rikissjóði 1500 krónur og jafnmikið úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Sömu aðilar leggja fram til helminga andvirði efnis við vinnukensluna. Hver nemandi greiðir í skólasjóð árlega  $\frac{2}{3}$  af því skólagjaldi, sem það ár er tiltekið fyrir innanbæjarnemendur við landsskólana í Reykjavík.

8. gr.

Skólaárið er frá 1. okt. til 1. mai.

Greinargerð.

Með stofnun þessa skóla er ætlast til að bæta úr mikilli vöntun á almennri mentastofnun í höfuðstaðnum. Í sveit eru slíkir skólar oft nefndir hjerads-skólar, en í kauptúnum geta ungmennaskólarnir vel heitið gagnfræðaskólar. Gera má ráð fyrir því að verulegar breytingar verði á næstu árum gerðar á hinni svo nefndu gagnfræðadeild Mentaskólans, sem aldrei hefir orðið sjálfstæður almennur ungmennaskóli, heldur eingöngu undirbúningsstofnun fyrir lærdómsdeildina. Hjer er gert ráð fyrir að Reykjavík fái loksins byrjun að þeim gagnfræðaskóla sem bæinn hefir lengi vantað.

Gagnfræðaskóli í Reykjavík ætti með tímanum að verða mjög stór stofnun. En því nauðsynlegra er að fara hægt af stað. Þess vegna er gert ráð fyrir að hafa fyrst um sinn að eins einn fastan starfsmann, skólastjórann, en bjargast að öðru leyti með stundakennurum, og njóta þess að í Reykjavík er úr miklu að velja í þeim efnum. Þegar skólinn hefir staðið nokkur ár, og reynsla fengist um starfsmenn og vinnuaðferðir, yrði að sjálfsögðu að tengja við skólann nokkra fasta kennara. Um kenslutilhögun er gert ráð fyrir að fylgt yrði í aðalatriðum þeirri reynslu, sem fengist hefir við hjeradsskólana. Fyrri namsveturinn væri lögð stund á að kenna almenn fræði, en þó einkum móðurmálið, og vekja smekk fyrir fegurð sigildra bókmenta. Námsefni yrði frá byrjun sniðið ettir gáfum og þroska nemenda. Verklegt nám væri talið jafngilt bóklegum fræðum. Síðari vetur væri nemendum gefinn kostur á að leggja sjerstaklega stund á eina námsgrein, og að einbeita hæfileikum sínum við ákveðið verk.

Par sem allur þorri manna í öllum löndum og á öllum öldum verður

að neyta brauðsins í sveita síns andlitis, eða með öðrum orðum að vinna erfðisvinnu, þykir sjálfsagt að vinnunni sje ekki gleymt í slíkum skóla. Allur þorri karlmannna, sem vaxa upp í Reykjavík, leita sjer atvinnu á sjónum, og allur þorri kvenna sinna hússtjórn einhvern tíma á æfinni. Í ungmennaskóla þarf að vekja virðing fyrir vinnunni, en ekki óbeít og lítilsvirðingu. Eitt hið mesta nauðsynjamál samtíðarinnar er, að unga kynslóðin geti bygt yfir sig holl og góð, en þó ekki of dýr húsakynni. Á engan hátt verður slíku takmarki betur náð, en með því, að venja unga menn við steinsmíði og einfalt, en gagnlegt trjesmíði. Gert er ráð fyrir að úr steiptum steinum er nemendur gera, megi síðar reisa skólanum gagnlegar byggingar.

Í fyrstu er gert ráð fyrir að skólinn verði að sætta sig við lánuð og leigð húsakynni. Í hverjum bekk eiga að vera 20 menn og er gert ráð fyrir að fyrst um sinn megi afla sjer góðrar kenslu ef landið og bærinn leggja til helminga fram 3000 krónur árlega handa hverjum slíkum bekk, og í sömu hlutföllum nauðsynlegt smiðaefni. Með tekjum af kenslugjöldum er ætlast til að koma upp skólasjóði, sem sje upphaf að sjereign skólans. Getur slíkur sjóður í höndum áhugasamra og framgjarnra forráðamanna orðið til hins mesta gagns í framtíðinni.